

Úrskurður

Samgöngustofu nr. 1/2025 vegna álagningar fargjaldaálags

I. Erindi

Hinn 25. júní 2025 kærði A (hér eftir kærandi), ákvörðun Strætó bs., dags. 24. júní 2025, um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags. Kærandi fer fram á að Samgöngustofa taki ákvörðun Strætó bs. til endurskoðunar á grundvelli 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

II. Málavextir og bréfaskipti

Í kæru kemur fram að hinn 24. júní 2025 hafi kærandi ferðast með almenningssamgöngum Strætó á 30 daga tímabilskort fyrir aldraða í stað nemakorts. Kærandi hafi venjulega keypt farmiða sína í gegnum Háskóla Íslands þar sem hann stundi nám. Háskólinn hafi ávallt séð um að kaupa réttan miða fyrir kæranda en á þessum tíma hafi háskólinn verið lokaður og kærandi hafi þurft að sjá um farmiðakaupin sjálfur í fyrsta skipti. Hann hafi óviljandi valið rangan flokk, 30 daga tímabilskort fyrir aldraða. Kærandi kvaðst ekki hafa verið meðvitaður um mistökin þegar starfmaður hafi kannað farmiða hans. Kærandi fer fram á að fargjaldaálagið verði látið niður falla og að hann fái viðvörun í staðinn.

SGS sendi kærana til umsagnar Strætó bs. með tölvupósti þann 11. júlí 2025. Í svari Strætó bs., sem barst þann 15. júlí 2025, kemur fram að kærandi hafi verið krafinn um greiðslu fargjaldaálags vegna þess að hann hafi ferðast á 30 daga tímabilskort fyrir aldraða, sem kosti 5600 kr. en eins og kennitala kæranda gefi til kynna, falli hann ekki undir þann aldursþóp og hafi því ekki átt rétt á því að nýta sér afsláttarkort ætlað öldruðum. Við skoðun á Klapp aðgangi kæranda komi fram að kærandi hafi ferðast á nemakorti síðan 17. nóvember 2024, en nemar 18 ára og eldri sem eru í námi geti fengið nemaafslátt á tímabilskortum. Þá séu 30 daga kort á 5600 kr., um sé að ræða 50% afslátt af fullorðins tímabilskortum eða sama verð og 30 daga tímabilskort fyrir ungmenni og aldraða. Kærandi taki fram í erindi sínu að hann hafi fengið aðstoð frá Háskóla Íslands við að kaupa nemakort en það hafi verið lokað hjá þeim. Niðurstaða nefndar Strætó bs. hafi verið að hafna niðurfellingu á fargjaldaálagi og vísa í reglur og skilmála varðandi að farþegar beri ábyrgð á því að greiða rétt fargjald í Strætó. Á heimasíðu Strætó séu skýrar upplýsingar um fargjaldaálag og sé m. a. tekið fram að álaginu sé ætlað að minnka svindl um borð í vögnum, að koma í veg fyrir að fólk ferðist um miðalaust eða á röngu fargjaldi og greiði þ.a.l. ekki til almenningssamgangna.

Í ljósi skýringa kæranda um að Háskóli Íslands hafi verið lokaður, hafi málið verið kannað nánar af hálfu Strætó. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Háskóla Íslands, sem nefnd Strætó skoðaði á fundi sínum, sé þjónustuborð skólans opið allan sumartímann. Þetta hafi verið staðfest með símtali til Háskóla Íslands. Þjónustuborð Háskólans sé opið alla virka daga kl. 09:00-15:00 og veiti meðal annars aðstoð við kaup á nemakortum. Á heimasíðu Klappsins, www.klappid.is megi finna góðar leiðbeiningar varðandi hvernig skal ganga frá kaupum á tímabilskortum fyrir nema, á íslensku og ensku. Þess megi einnig geta að þjónustuver Strætó sé opið alla daga vikunnar, einnig á sunnudögum kl. 10:00-14:00 í síma (...) en tímabilskortid hafi verið keypt af kæranda á sunnudegi.

Samgöngustofa sendi kæranda svar Strætó bs. til umsagnar þann 18. júlí 2025 en engar frekari athugasemdir bárust frá kæranda.

III. Forsendur og niðurstaða Samgöngustofu

Samgöngustofa tekur mál til skoðunar í samræmi við ákvæði laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og sker úr ágreiningi með úrskurði, sbr. 4. mgr. 30. gr. a laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

Farþega í almenningssamgöngum ber að framvísa farmiða eða sýna á annan hátt fram á greiðslu réttis fargjalds óski starfsmaður á vegum flytjanda eftir því. Farþega ber einnig að framvísa skilríkjum eða gera grein fyrir sér á annan fullnægjandi hátt óski starfsmaður á vegum flytjanda eftir því til að kanna hvort rétt fargjald hafi verið greitt eða vegna innheimtu fargjaldaálags, sbr. 1. mgr. 30. gr. a laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017.

Geti farþegi í almenningssamgöngum ekki sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds þegar eftir því er leitað er flytjanda heimilt að krefja hann um fargjaldaálag, sbr. 2. mgr. 30. gr. a. sömu laga. Nánari ákvæði um hvernig fargjaldaálag er lagt á, fjárhæð þess og innheimtu skulu koma fram í sérstökum reglum flytjanda sem staðfestar eru af ráðherra og birtar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 3. mgr. 30. gr. a. sömu laga.

Ákvæði 30. gr. a. laga nr. 28/2017 var lögfest með lögum nr. 97/2021 um breytingu á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017. Í athugasemdum frumvarps þess er varð að lögum nr. 97/2021 kemur fram að tilefni lagasetningarinnar hafi verið að opna fyrir og styðja við skilvirkari lausnir við greiðslu fargjalda í almenningssamgöngum með það að markmiði að efla þjónustu við notendur án þess að því fylgi verulegt tekjutap flytjenda. Kalli það á lögfestingu tiltekinna grundvallaratriða er varða skyldur farþega og heimildir flytjenda á þessu sviði. Þá skuli skýrt kveðið á um í lögum um skyldu farþega til að framvísa gildum farmiða eða sýna á annan hátt fram á greiðslu fargjalds sem og heimild til þess að krefja þá farþega um vanræksluálag sem ekki geta sýnt fram á greiðslu réttis fargjalds. Enn fremur segir í skýringargögnum með frumvarpinu að farþegi beri sjálfur áhættuna af því ef hann týnir farmiða eða ef aðrar aðstæður hamla því að hann geti sýnt fram á greiðslu fargjalds þegar þess er óskað.

Strætó bs. hefur sett sér sérstakar reglur nr. 1021/2023 um fargjaldaálag með heimild í 3. mgr. 30. gr. a laga nr. 28/2017. Reglurnar voru samþykktar af stjórn félagsins þann 9. júní 2023 og staðfestar af innviðaráðuneytinu 13. september sama ár. Upplýsingar um reglurnar og álagningu fargjaldaálags er að finna á heimasíðu Strætó bs. Kemur þar fram að Strætó bs. sé heimilt að leggja fargjaldaálag á farþega sem ekki geta sýnt fram á gilt fargjald við eftirlit skv. lögum nr. 28/2017 og reglum nr. 1021/2023 og að með álagningunni sé m.a. ætlað til að minnka svindl um borð í vögnum og að fólk ferðist um miðalaust eða á röngu fargjaldi og greiði þ.a.l. ekki til almenningssamgangna. Fargjaldaálaginu er þannig ætlað að tryggja jafnræði og sanngirni í almenningssamgöngum. Með því að tryggja að allir farþegar greiði rétt fargjald er hægt að viðhalda góðri þjónustu og koma í veg fyrir að aukakostnaður vegna svindls bitni á öðrum farþegum.

Niðurstaða Samgöngustofu

Fyrir liggur í málinu að við könnun starfsmanns Strætó bs. á farmiða kæranda kom í ljós að kærandi ferðaðist með almenningssamgöngum á vegum félagsins á 30 daga tímabilskorti fyrir aldraða í stað nemakorts. Kærandi var krafinn um greiðslu fargjaldaálags af þeim ástæðum að hann félli ekki undir þann aldurshóp og ætti því ekki átt rétt á því að nýta sér afsláttarkort sem ætlað sé öldruðum. Að mati

Samgöngustofu er ljóst að kærandi greiddi ekki rétt fargjald þegar hann ferðaðist með almenningssamgöngum Strætó bs. þann 24. júní 2024, sbr. 30. gr. a laga nr. 28/2017 og 1. gr. reglna Strætó nr. 1021/2023. Það hefur ekki þýðingu í málinu þótt kærandi hafi greitt sömu fjárhæð og hann hefði greitt hefði hann nýtt sér nemakort réttilega, þar sem slík niðurstaða færi gegn tilgangi 30. gr. a laga nr. 28/2017.

Samgöngustofa telur ekki efni til að taka til greina þá afsökunarástæðu kæranda að hann hafi keypt farmiðann óviljandi þar sem hann hafi í fyrsta skipti keypt sér farmiða sjálfur. Upplýsingar og skilmálar Strætó bs. eru á heimasíðu Strætó og telur Samgöngustofa að farþegar almenningssamgangna séu nægilega upplýstir um að kaupa verði réttan farmiða þegar ferðast sé með Strætó, sbr. 5. mgr. 30. gr. a laga nr. 28/2017.

Með hliðsjón af tilefni setningar ákvæðis 30. gr. a. laga nr. 28/2017 og tilgangi reglna Strætó um að álagningu fargjaldaálags er það mat Samgöngustofu að Strætó bs. hafi verið heimilt að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags sbr. 2. mgr. 30. gr. a. laga nr. 28/2017. Er ákvörðun Strætó bs. því staðfest.

Úrskurðarorð

Ákvörðun Strætó bs. um að krefja kæranda um greiðslu fargjaldaálags þann 24. júní 2024 er staðfest.

Samkvæmt 4. mgr. 30. gr. a. laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi nr. 28/2017 eru úrskurðir Samgöngustofu endanlegir á stjórnarsýslustigi. Þegar úrskurður hefur verið kveðinn upp geta aðilar lagt ágreining sinn fyrir dómstól á venjulegan máta.

Reykjavík, 8. október 2025

Sigrún Henrietta Kristjánsdóttir
deildarstjóri lögfræði- og réttinda farþega

Yngvi Hommersand
lögfræðingur